

# Yfirlýsing vegna dómssáttar

5. desember 2014

Dómsátt hefur náðst í máli Þóreyjar Vilhjálmsdóttur gegn okkur, en málshöfðunin varðaði frétt sem birtist í DV þann 20. júní síðastliðinn. Þar var því ranglega haldið fram að Þórey væri sá aðili sem kallaður var starfsmaður B í greinargerð lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Fréttin var leiðrétt samdægurs, yfirlýsing send á alla fjölmiðla og Þórey beðin afsökunar. Í kjölfarið höfðaði hún mál, ekki gegn DV ehf. heldur gegn okkur persónulega, og krafðist hámarks refsingar, þ.e. að við yrðum vistaðir í fangelsi vegna mistaka okkar. Nokkru síðar var Gísli Freyr Valdórsson, nánasti samstarfsmaður Þóreyjar, dæmdur í skilorðsbundið fangelsi fyrir lögbrot gegn hælisleitendunum Tony Omos og Evelyn Glory Joseph.

Í heilt ár höfum við skrifað um málefni innanríkisráðuneytisins, valdniðslu og lögbrot sem framin voru gegn landlausu fólki. Hanna Birna Kristjánsdóttir sagði af sér ráðherraembætti vegna málsins en Þórey starfaði sem pólitískur aðstoðarmaður hennar. Strax í upphafi lekamálsins tók hún sér stöðu með ráðherra gegn almenningi líkt og aðrir í yfirstjórn innanríkisráðuneytisins. Hún sendi DV misvísandi upplýsingar í tölvupósti, hún hélt því fram að engum trúnaðarupplýsingum hefði verið lekið úr innanríkisráðuneytinu þótt hið gagnstæða lægi í augum uppi og lét að því liggja í útvarpsviðtali að við létum stjórnast af annarlegum hvötum fremur en einlægum vilja til að leiða sannleikann í ljós. Ráðherrann sjálfur fylgdi þessu eftir með því að hringja í ritstjóra DV og fara fram á að við yrðum reknir.

Sú frétt sem birtist í DV þann 20. júní átti sér langan aðdraganda og byggði á mánaðalangri heimildavinnu þar sem rætt var við starfsmenn innanríkisráðuneytisins, Morgunblaðsins, 365-miðla og lögreglunnar. Þórey vildi ekki ræða við DV í síma við vinnslu fréttarinnar jafnvel þótt hún gegndi þá hlutverki upplýsingafulltrúa ráðuneytisins í fjarveru Jóhannesar Tómassonar. Henni var hins vegar gert ljóst hvert efni fréttarinnar var og boðið að koma athugasemdum á framfæri sem hún kaus að gera ekki.

Málssókn Þóreyjar hefur verið gagnrýnd harðlega meðal annars af Fréttamönnum án landamæra, Alþjóðasamtökum blaðamanna, International Modern Media Institute og Blaðamannafélagi Íslands. Þessi samtök hafa deilt á íslenska meidyrðalöggjöf, meðal annars þær lagagreinar sem málshöfðun Þóreyjar og refsikrafa hennar byggði á. Mál hennar vakti athygli utan landsteina, enda var hún aðstoðarkona innanríkisráðherra, þess ráðherra sem fór með mannréttindamál á Íslandi.

Það er áhyggjuefni fyrir blaðamenn á Íslandi að geta átt von á því að ráðherrar og pólitískir aðstoðarmenn vegi að starfsöryggi þeirra með þeim hætti sem birst hefur í lekamálinu.

Við höfum lýst yfir einlægum vilja til að mæta Þóreyju Vilhjálmsdóttur í dómssal. Eigendur DV ehf. vildu hins vegar leita sátta og unum við því. Við kærðum okkur ekki um að sitja uppi með háa reikninga, hvað þá að betla fé af vinum og vandamönnum til að geta greitt þá. Við erum ekki á þingfararkaupi en vinnum við að flytja fréttir, meðal annars um það sem ráðherrar og aðstoðarmenn þeirra vilja að leynt fari.

Á heilu ári virðist það aldrei hafa hvarflað að stuðningsmönnum innanríkisráðherra að skammast sín. Við skömmumst okkar fyrir þau mistök sem við gerðum í sumar. En á heildina litið erum við stoltir af okkar hlut í að fletta ofan af valdniðslu og mannréttindabrotum. Með dómssátt þessari kaupum við okkur frið til að skrifa áfram um hver þau öfl sem ljúga að almenningi og níðast á umkomulausu fólki.

Virðingarfyllt,  
Jóhann Páll Jóhannsson  
Jón Bjarki Magnússon  
blaðamenn